



## Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Þriðjudaginn 4. September 2007

Fundur er haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduóssbæjar Þriðjudaginn 4. September 2007 kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Þórður Pálsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann ritaði einnig fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

#### Dagskráliður 1.

Byggingafulltrúi Stefán Árnason fyrir hönd Blönduóssbæjar óskar eftir leyfi til að setja ljósastaur við suður gafl gamla skólans. Fyrirhugað er að setja einn stóran kastara, sem á að lýsa upp leiksvæðið við gaflinn. Staurinn kemur í flútti við framhlið og 10 til 12m frá gafl.

**Afgreiðsla:** Erindið er samþykkt.

#### Dagskráliður 2.

Erna Björg Jónmundsdóttir kt. 050675-6029 og Róbert Daníel Jónsson kt. 210675-3969, eigendur að fasteigninni Hlíðarbraut 21 Blönduósi, óska eftir leyfi til að breyta hurð á bílskúr sem stendur við húsið. Fyrirhugað er að taka niður þær 2 hurðir sem eru í dag og setja eina 3 metra í staðin með tilheyrandi lagfæringum. Meðfylgjandi eru teikningar.

**Afgreiðsla:** Erindið er samþykkt með fyrirvara um að teikningar berist.

#### Dagskráliður 3.

Benidikt Ólafsson, hrl. kt. 300448-2169 fyrir hönd Sólveigar B. Sövík, kt. 241212-4679 Árbraut 9 og Sigursteins Guðmundssonar, kt. 161128-4309 Árbraut 7, sem hafa gert með sér kaupsamning um bílskúr og lóðaréttindi á lóð fasteignar Sólveigar að Árbraut 9 Blönduósi óska eftir að skipulags-, bygginga- og veitunefnd heimili ráðstöfun þá sem kaupsamningurinn gerir ráð fyrir og breyti lóðamörkum með hliðsjón af því, þannig að lóðin undir bílskúrnum og framan við hann, út að götu bætist við lóð Árbrautar 7.

**Afgreiðsla:** Erindinu er frestað. Byggingafulltrúa er falið að kynna málið og leggja það fyrir næsta fund.

#### Dagskráliður 4.

Tryggvi Björnsson kt. 270974-4149, óskar eftir að fá að breikka glugga á suðurhlið hússins Brekkubyggð 23 úr 35sm. í 75 til 90sm. og setja altanhurð.

**Afgreiðsla:** Erindið er samþykkt með fyrirvara um að teikningar berist og leitað verði skriflegs leyfis næstu nággranna.

#### Dagskrárlíður utan dagskrár

Ingvi Þór Guðjónsson sækir um leyfi til að geyma í vetur trillurnar Félagann og Sleipni á lóðinni nr. 15 við Mýrarbraut. Trillurnar verða teknar um leið og flotbyggjan verður sett niður að vori. Undirritaður er tilbúin að fjarlægja trillurnar ef önnur notkun verður ákveðin á lóðinni.

**Afgreiðsla:** Erindið er samþykkt með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar og að leitað verði skriflegs leyfis næstu nággranna.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Ágúst Þór Bragason

Valgarð Hilmarsson

Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri Árbraut 13

Stefán Árnason byggingafulltrúi

Fundi slitið kl. 17:45

Þórður Pálsson